


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>SASK2SS05</b>	<b>Námsáætlun haustönn 2019</b>

<b>Kennari</b>	Hannesína Scheving <a href="mailto:hannesina@vma.is">hannesina@vma.is</a>	<b>Sk.st.</b>	HAN
----------------	---	---------------	-----

**Lýsing:** Í áfanganum er fjallað um mikilvægi góðra samskipta milli manna. Fjallað er um mikilvægi samkenndar, jafnréttis, mannvirðingar og mannréttinda í samskiptum. Farið er í eflandi samskipti sem byggja á virðingu og fordómaleysi á jafnréttisgrundvelli. Fjallað er um áhrif ólíkra menningarheima og tjáskiptareglna á mótun samskipta einstaklinga, hópa og þjóða. Farið er í áhrif sjálfsmýndar og sjálfstrausts á samskipti og hvað heilbrigðisstarfsmenn þurfa að hafa í huga í sa-mskiptum við skjólstæðinga, samstarfsfólk og aðstandendur.

#### **Forkröfur: Engar**

#### **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- mikilvægi góðra samskipta
- mikilvægi eflandi samskipta, sem byggja á virðingu, samkennd, fordómaleysi og jafnrétti
- áhrifum ólíkra menningarheima á samskipti
- áhrifum sjálfsmýndar og sjálfskilnings á samskipti
- aðstæðum sem geta haft áhrif á samskipti
- hvernig heilbrigðisstarfsmenn geta notað samskipti á árangursríkan hátt

#### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- setja sig í spor annarra í samskiptum
- sýna samkennd, virðingu og fordómaleysi í samskiptum
- nota samskiptareglur og viðtalstækni á áhrifaríkan hátt í samskiptum
- læra af eigin samskiptum og annarra


#### **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- eiga góð samskipti við annað fólk án tillits til stöðu, aldurs eða þjóðernis
- eiga farsæl samskipti við skjólstæðinga og samstarfsfólk í starfi
- leysa samskiptaerfiðleika af þekkingu og virðingu fyrir sjónarmiðum allra hlutaðeigandi

**Námsgögn:** Efni frá kennara sett á Moodle.

#### **Áætlun um yfirferð:**

Vika	Námsefni
34. vika	Kynning á áfanganum. Hvað eru samskipti? Hvernig og hvar fara þau fram? Hvað er mikilvægast í samskiptum? ( <b>Verkefni</b> )
35-36. vika	Fordómar, hugmyndir um annað fólk. Samskipti við fólk af erlendum uppruna í íslensku heilbrigðiskerfi. Er hjúkrun samskiptastarf? ( <b>Verkefni</b> )
37- 40. vika	Hlustun, virk hlustun, samskiptahættir í hjúkrun og fl. ( <b>Verkefni</b> )
41. vika	Tjáskipti, óákveðni og fl. <b>Annarpróf 1.</b>

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>SASK2SS05</b> <b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	

42-43. vika	Líkamstjáning, tjáskipti með og án orða, áhrif orðavals í samskiptum, árangursrík samskipti ( <b>Verkefni</b> )
45-46. vika	Samskipti við aðstandendur veikra einstaklinga. klunur í starfi <b>Kynning</b>
47- 48. vika	Að ræða „erfið“ mál við skjólstæðinga, „erfiðir“ einstaklingar, einelti, meðvirkni <b>Annarpróf 2.</b>
49. vika	Að efla sjálfan sig í samskiptum- vinnustaðurinn.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á kennsluáætlun.

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> <b>X Símat</b>	<input type="checkbox"/> <b>Lokapróf/valið lokapróf</b>	<input type="checkbox"/> <b>Lokaverkefni</b>
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþáttar</b>	<b>Vægi</b>	
Annarpróf 1	Um miðja önn.	<b>30%</b>	
Annarpróf 2	Í lok annar	<b>30%</b>	
Samtalsverkefni	Viðtal við einstakling	<b>15%</b>	
Kynning	Nemendur kynna viðtal við einstakling fyrir kennara og nemendur	<b>5%</b>	
Verkefni	Nemendur skila 5-6 verkefnum sem lögð verða fyrir á önninni	<b>20%</b>	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	

**Áfanginn er próflaus símatsáfangi, en nemandi þarf að ná 4.0 í annarprófunum og skila öllum ofangreindum þáttum til að ná áfanganum og skila öllu á réttum tíma.**

ATH: Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma. Verkefni lækkar um hálfan fyrir hvern dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefnum viku eftir skiladag.

Dagsetning: 19 ágúst 2019  
Hannesarinn Sch

Undirritun kennara

Inga B. Ólafsd.

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils